

Alþingi

Erindi nr. P 120/785

komudagur 7/2 1996


Gýgjarhóli, 30. jan. 1996.

Umhverfisnefnd Alþingis,
Þórshamri v/ Templarasund,
150 REYKJAVÍK.

Ég undirritaður nágranni Geysis mótmæli áformum um eignanám í nágrenni Geysissvæðis. Mestar líkur eru til að það yrði bæði til skaða og skammar.

Afskipti Náttúruverndarráðs eru oftast öfgafullar friðun-arráðstafanir, án tillits til þess hvort þær séu til gagns eða bölvunar. Í stað þess að slökkva á Geysi væri t.d. sennilega ráðleggra að bora í hann og vekja til lífsins. Ef ekki hefði verið borað í Strokk og höggvin rauf í Geysi væri ekki mikill ferðamannastraumur að Geysi núna. En fyrir tilverknað framsýnna manna var þetta gert og í kjölfarið kom myndarleg uppbygging við Geysi, sem lagði grundvöllinn að vinsældum Geysis og Gullfoss. Það væri góðra gjalda vert að rannsaka svæðið með opnum huga, fegra það og bæta ýmsa aðstöðu, en að leggja helsti þröngsýni og afturhalds yfir staðinn, án framtíðarmarkmiðs, verður engum til góðs. Það veit enginn hværnið svæðið þróast í næsta Suðurlandsskjálfta. Kannski stíflast Geysir frekar ef hann er hálflokaður fyrir. Þá er nú pössunin til lítils.

Það er nær öruggt að nýting jarðhita í Helludal hefur engin áhrif á Geysi, og sennilega ekki í Neðra-Dal heldur, hvað þá það sem fjær er. Sé minnkandi uppstreymi heits vatns á svæðinu er líklegast að það sé vegna útfellingar, sem lagast ekki nema með jarðborunum eða náttúrulegum jarðhræringum.



Valur Lýðsson.